



## Upplýsingar um umsóknina

Athygli umsækjanda er vakin á því að hægt er að uppfæra notendaupplýsingar undir flípanum Notandi. Þetta getur sérstaklega átt við þegar umsækjandi hefur áður sótt um starfsleyfi en upplýsingar um hann ekki verið endurnýjaðar.

Umsækjandi skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar komi fram í umsókn, samanber 6. grein 550/2018, einkum liðum a til k í annarri málsgrein.

Dæmigerður ferill umsóknar: Dæmigerður ferill máls um starfsleyfisumsókn.pdf

## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemi að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Halldór Halldórsson
Sími ábyrgðarmanns	+354 896 2890
Netfang ábyrgðarmanns	halldor@iskalk.is
Nafn fyrirtækis	Íslenska Kalkpörungafélagið ehf
Kennitala fyrirtækis	680601-2670
Starfsstöð fyrirtækis	Hafnarteigur 4
Póstnúmer og staður	465 Bíldudalur
Sími fyrirtækis	4562730
Netfang fyrirtækis	iskalk@iskalk.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Haukur Þór Haraldsson - Verkís
Sími tengiliðs	8580156
Netfang tengiliðs	htoh@verkis.is

## Upplýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Íslenska Kalkpörungafélagið framleiðir kalkafurðir til útflutnings úr setlögum kalkpörunga sem dælt er af sjávarbotni. Verksmiðjan áformar að auka árlega framleiðslu sína úr 85.000 í 120.000 tonn til að nýta framleiðslugetu verksmiðjunnar með bættum hag fyrir starfsemi og samfélagið.

Framleiðsluferlið er í stöðugri þróun. Framleiðslugeta verksmiðjunnar hefur aukist jafnt og þétt með bættum aðferðum og búnaði og það var fyrst á árinu 2015 sem verksmiðjan náði að framleiða magnið sem þágildandi starfsleyfi heimilaði. Aukin framleiðslugeta kemur til vegna uppsafnaðrar reynslu og þekkingu á meðhöndlun hráefnanna og bættum tækjabúnaði. Starfsmenn hafa náð aukinni stjórn á fínafnainnihaldi og rakastigi efnisins með þeim afleiðingum að framleiðslan er miklu jafnari en áður. Þróunin hefur haft í för með sér betri orkunýtingu (raforka/tonn). Stíflur og bilanir hafa minnkað til mikilla muna. Dregið hefur verulega úr ryk- og hljóðmengun. Núverandi mannvirki samanstanda af aðalverksmiðju, hafnarmannvirkjum og svæðum fyrir hráefni og afurðir. Áform eru uppi um að bæta við húsnæði verksmiðjunnar. Samþykkt hefur verið stækkun lóðar fyrir hráefni (uppfylling). Starfsleyfi verksmiðjunnar gildir til 9. maí 2034.

Vinnsluferlinu er lýst í viðhengjum 1 og 2.

Mannvirki og staðhættir eru teiknaðir inná kort í viðhengi 5 Mannvirki á vinnslusvæði.

Núverandi mannvirki samanstanda af aðalverksmiðju (1, 2), hafnarmannvirkjum (3) og svæðum fyrir hráefni og afurðir (4). Áform eru uppi um að bæta við húsnæði verksmiðjunnar (5) og byggja einhverskonar mannvirki sem skýlir hráefni fyrir veðri og vindum (6) til að bæta rakastigstjórnun og draga úr foki úr haugum. Samþykkt deiliskipulag er til fyrir iðnaðarsvæði í Bíldadalshöfn og Hafnarteig 4. Deiliskipulagið fjallar í meginatriðum um stækkun lóðar Kalkpörungafélagsins með landfyllingu (10.178m<sup>2</sup>). Svæðið verður notað undir hráefni (7).

Uppdrættir af staðsetningu	Viðhengi 3 loftmynd (ID 137435).pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Viðhengi 4 Samþykkt deiliskipulag-Bíldudalur-hafnarsvaedi (ID 133967).pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Hráefnið til framleiðslunnar er kalkþörungaset.  
Orkan í þurrkunarferlinu er rafmagn. Rykhreinsibúnaðurinn þarf vatn.  
Borregard er íblöndunarefni.

Tafla yfir efna og orkunotkun í viðhengi 15.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Fylgst hefur verið með rykmengun frá tveimur útrásum verksmiðjunnar með reglulegum mælingum frá 2011. Ryk í útblæstri hefur mælst undir starfsleyfismörkum undanfarin tvö skipti (viðhengi 16 og 16a). Það er mat þeirra er standa að rekstrinum að búið sé að koma fyrir vandann sem fylgdi rykmengun frá verksmiðjunni. Tafla yfir niðurstöður mælinga á ryki í útblæstri frá verksmiðju er í viðhengi 15.

Hljóðstig frá verksmiðjunni er undir leyfilegum mörkum (sjá viðhengi 13, 13a og 14). Hljóð í næsta nágrenni verksmiðju fer yfir leyfileg mörk þegar lagður er saman hávaða frá Kalkþörungafélagi og starfsemi Arnarlax.

Allar tölur um losun koma fram í grænu bókhaldi fyrirtækisins.  
Viðhengi 6 Grænt bókhald - 2017 og viðhengi 6.a Grænt bókhald - 2018

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnunum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnunum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Viðhengi 15 Tölur yfir losun (ID 133973).pdf

Mat á umhverfisáhrifum (samanber 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar 550/2018)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar

Framkvæmdin er ekki háð matsskyldu skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar dags 29. nóvember 2019.

## Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Viðhengi 7 Greinargerð um áhrif losunar (ID 133979).pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Allan starfstíma verksmiðjunnar hefur verið unnið að þróun og innleiðingu aðferða til að draga úr mengun. Til dæmis var skipt úr gasi yfir í raforku við þurrkun hráefnis fyrir nokkrum árum. Nýr og fullkominn hreinsibúnaður var tekinn í notkun fyrir um 5 árum sem dró úr bæði ryk- og hljóðmengun. Nýtt afsogskerfi hefur haft mikil áhrif á loftgæði. Verði af áformaðri framleiðsluaukningu verður tekinn inn nýr þurrkari með rykhreinsibúnaði af fullkominni gerð.

### Rykmengun

Áformað er að skýla hráefnahaugum við verksmiðju á Bíldudal þannig að dragi úr foki úr haugum og þannig hafa áhrif á loftmengun og bæta ásýnd. Almennt er það fínefnainnihald og rakastig hráefnisins sem veldur mestri rykmengun. Breytingar á framleiðslu hafa miðað að því að fjarlægja fínefni, blanda saman mismunandi efnunum og þurrka hráefni fyrir vinnslu. Aðferðin hefur dregið úr breytileika í efninu sem fer í framleiðsluna. Stöðugleiki og einsleitt efni tryggir jafna þurrkun og minni mengun. Það dregur úr álagi á vothreinsikerfi og þ.a.l smitast minna ryk út í verksmiðjuumhverfið. Þessar aðgerðir hafa dregið úr álagi vegna rykmengunar til mikilla muna.

Bætt þekking í meðferð hráefnis hefur hefur ennfremur breytt meðferð á hráefnum, áður en að vinnslu kemur. Breytt meðferð hefur skilað góðum árangri. Fínefni sem áður safnaðist í lónið þaðan sem það síðan vildi fjúka er nú unnið (mixað við annað efni) eða fargað varanlega með vörpun í haf. Búið er að kortleggja vel námurnar sem er nýtt við stýringu efnistöku sem skilar betra efni í land.

### Fínefna- og setmengun í sjó

Set sem litar sjó við verksmiðjuna hefur valdið ónæði og verið uppspretta kvartana. Sjónmengun af setgruggi er tímabundin og afmarkast við þá daga sem dælt er yfir í hráefnislón og síðan um það bil tvo daga til viðbótar. Mælingar sýna að útlitið gefi mögulega ekki rétta mynd enda mælast efnin lægri í styrk eftir dælingu en fyrir (viðhengi 19, 19a og 19b). Áformað er að stækka á hráefnislónið með það fyrir augum að draga úr álagi og þar með smitun um varnargarð út í haf.

Fínefnum sem ekki er hægt að nýta er varpað í haf, á afmarkað svæði, með vitneskju hlutaðeigandi hagsmunaaðila og heimild Umhverfisstofnunar í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Fyrirliggjandi er greinargerð sem unnin var fyrir Kalkþörungafélagið og umsögn Hafrannsóknastofnunar. Fram kemur að 6.000 m<sup>3</sup> verði losaðir í haf út af Kópanesi yfir þriggja ára tímabil. Fram kemur að straumur sé mikill á svæðinu og fínefni muni dreifast þannig að þau verði vart greinanleg á botni eftir fáa daga.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við áformin. Stefnan er að nota allt efni í framleiðsluna. Árið 2019 þurfti ekki að varpa efni í hafið.

Hljóðmengun

Framleiðslan er ekki hávaðasöm. Það er niður frá vélalínunni og vinnuvélar eru á ferli á vinnusvæðinu. Ráðist hefur verið í endurbætur á vélbúnaði og einangrun hávaðasamra vélahluta. Nýr vothreinsibúnaður dró verulega úr hávaða. Reglur um umgengni og notkun vinnuvéla hefur dregið úr álagi kvölds og morgna. Könnun sérfræðings leiðir í ljós að hljóðstig er undir viðmiðunarmörkum. Viðhengi 13, 13a og 14 eru hljóðkort og minnisblað með skýringum.

Haldið er grænt bókhald yfir orku og efni sem notuð eru til framleiðslunnar (viðhengi 6 og 6a)

Utanaðkomandi sérfræðingur mælir rykmengun frá hreinsivirki tvisvar á ári. Hljóð er mælt reglulega af starfsmönnum verksmiðjunnar. Sérfræðingar hafa kortlagt hljóðmengun. Samfara uppfærslu á búnaði er áformað að setja upp ryknema við útrásir sem vakta breytingar sem geta haft áhrif á mengun. Þessi aðgerðir munu bæta viðbragðstíma til muna.

---

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út Viðhengi 7 Greinargerð um áhrif losunar (ID 133979).pdf í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Gæðastjóri sér um að safna saman upplýsingum úr Navision bókhaldskerfi um notkun hráefna og tekur saman framleiðslutölur. Upplýsingar um keypt magn orku og efna koma frá birgjum. Kalkþörungasetið er reiknað út frá dælingum (1m<sup>3</sup> = 1,161T, áætlað ca. 1,8 Tonn fyrir hvern poka af pökkuðu efni).

Hljóðmælingar fara fram tvisvar á sólarhring á þremur stöðum utanhúss með Kímo DB 100 hljóðmæli. Einnig eru mælingar innan húss (há þurrkara og í stjórnklefa). Vindhraði er skráður skv. veðurathugunum Veðurstofunnar og skrifaðar athugasemdir ef óvenju hvasst er, ef verksmiðja er stopp eða eitthvað annað sem getur haft áhrif á mælingar.

Rykmælingar eru framkvæmdar með aðkeyptri sérfræðiaðstoð. Fylgt er staðlinum ÍST-EN-13284 við mælingar. Búnaði er komið fyrir við reykfáf. Fyrst er byrjað á að mæla hraða og hitastig útblástursloftsins og í framhaldi af því er stillt það loftmagn sem þarf að streyma í gegnum tækið, sem er tengt við loftdælu, og velja stærð á spíss sem er tengdur framan á stöng með siuboxi. Með réttri stærð á spíss sem fylgir búnaðinum er tryggð jafnhraðasýnataka (e. Isokinetic sampling) en þá er hraði loftsins sem streymir upp um reykfáfinn og inn í spíssinn jafn, sem tryggir að dreifing á agnarstærð í sýninu sé sú sama og í reykfáfinum. Mælt er í 12 punktum í þversniði, í plani með tveimur línunum hornrétt á hvor aðra. Yfirleitt tekur hver mæling 30 mínútur og eru yfirleitt teknar þrjár mælingar í senn. Mæla þarf á beinum kafla í reykfáfinum og sem fjærst beygjum, blásurum o.þ.h. þar sem það getur haft áhrif á mælaniðurstöður.

Síur sem rykið er fangað í eru úr glertrefjum, og eru þær þurrkaðar og vigtaðar fyrir og eftir mælingu, rykmagnið sem fæst úr sýninu er þá þyngdarmismunurinn deildur með loftmagninu í rúmmetrum sem sogaður er í gegnum tækið.

Niðurstöður síðustu 2 mælingar eru í viðhengi 16 og 16a.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Allt hráefni sem hægt er að nota er unnið og og selt. Ryk og annað sem til fellur er endurunnið í framleiðslunni upp að því marki sem mögulegt er.

Ryki er safnað í síur. Ryk úr síum er endurunnið.

Allur úrgangur er flokkaður og fer þannig sorpmóttöku.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Endurvinnanlegur úrgangur árið 2018 var 811 kg

Annar úrgangur árið 2018 var 17.395 kg

Úrgangur í hráefnislóni er áætlaður 3000 m<sup>3</sup> árlega

Tafla yfir magn úrgangs er í viðhengi 15.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að dragaEkki sjáanlega úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Munu losunarbættir viðkomandi reksturs hafa í för með Ekki sjáanlega sér sammögnunaráhrif?

Skýrsla um grunnástand (ef við á)

Í reglugerð nr. 550/2018 segir í 15. gr.; „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um skýrslur fyrir grunnástand%lt;/a>.

## Annað

Sýniseintök til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Þróun í vinnubrögðum og endurbættur búnaður hefur orðið til þess að hráefni flæðir nú átakalaust í gegnum verksmiðjuna. Minni stopptími vegna vandræða hefur orðið til þess að hægt er að framleiða meira en áður. Það hefur einnig haft í för með sér minni mengun og ónæði bæði fyrir starfsmenn verksmiðjunnar og íbúa bæjarfélagsins.

Mengunarþættir eru ásýnd, rykmengun og hávaði. Umtalsverður árangur hefur náðst á undanförunum árum og nú er svo komið að verksmiðjan álitur sig geta staðist kröfur sem fram koma í starfsleyfum og reglugerðum.

Verði af framleiðsluaukningu mun það ekki auka á loftmengun eða hávaða frá verksmiðjunni. Aukningin stafar fyrst og fremst af því að vinnslan gengur betur en áður og tími sem fer í viðgerðir og endurbætur er töluvert minni.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri	Tel að allt sé komið fram sem máli skiptir. Vanti upplýsingar munum við umsvifalaust bregðast við.
Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar	Viðhengi 9 VLR 26 Áætlun um rekstrarstöðvun (ID 133959).pdf
Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar	Viðhengi 9 VLR 26 Áætlun um rekstrarstöðvun (ID 133959).pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Vidhengi 11 Tryggingaskýrteini (ID 133976).pdf lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda	Viðhengi 17 Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda (ID 134157).pdf
Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda	Viðhengi 18 Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (ID 134156).pdf
Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)	
Viðbótargögn	Viðhengi 13 Hljóðkort Kalkpörungaverksmiðja (ID 133980).pdf
Viðbótargögn	Viðhengi 13a Hljóðkort Kalkpörungaverksmiðja (ID 137873).pdf
Yfirlýsing	